

Nr. 22 Lagt fram í Héraðsdómi
Reykjavíkur, 24. nóvember 2016

GREINARGERÐ

stefnda Ásbjörns K. Morthens í héraðsdómsmálinu

nr. /2016

Steinar Berg Ísleifsson

gegn

Ásbirni K. Morthens og Ríkisútvarpinu ohf.

Málflutningsumboð: Hjördís Halldórsdóttir hrl., LOGOS lögmannsþjónusta, Efstaleiti 5, 103 Reykjavík, flytur mál þetta fyrir hönd stefnda, Ásbjörns K. Morthens, Meðalfellsvegi 17, 276 Mosfellsbæ, og leggur fram eftirfarandi dómskjöl:

- | | |
|--------|---|
| Nr. 22 | Greinargerð þessa. |
| Nr. 23 | Vikuna, 24. september 1981 (4 bls.). |
| Nr. 24 | Dagblaðið & Vísi, 23. janúar 1982 (2 bls.). |
| Nr. 25 | Síðu alfræðivefritsins Wikipediu „Bubbi Morthens“ (9 bls.). |
| Nr. 26 | Endurrit viðtals við Öddu Örnólfs í 1. þætti Popp- og rokksögu Íslands. |

Dómkröfur: Stefndi gerir eftirfarandi kröfur:

Aðallega að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Til vara að dómkröfur stefnanda í 7. og 11. kröfulið í stefnu verði stórlega lækkaðar.

Í báðum tilfellum er þess krafist að stefnda verði tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda, að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málsatvik: Lýsing málsatvika í stefnu er umdeild að hluta og þá er hún ekki nægilega ítarleg um sum atriði málsatvika. Er henni því í heild sinni mótmælt, og telur stefndi nauðsynlegt að rekja málavexti eins og þeir horfa við honum.

Stefndi er tónlistarmaður. Hann hefur glímt við fíknisjúkdóm frá unga aldri. Stundaði hann daglega neyslu kannabisefna frá árinu 1980, þegar hann fékk til sín fyrstu greiðslu fyrir útgáfu plötunnar *Ísbjarnarblús*, en hún kom út 6. júní það ár. Stefndi fylgdi útgáfu plötunnar eftir með tónleikaferð, með hluta þeirra hljóðfæraleikara sem komu að upptöku á *Ísbjarnarblúsi*. Myndaði sá hópur hljómsveitina Utangarðsmenn. Gerðu Utangarðsmenn svo útgáfusamning við Steina hf. þann 23. júní 1980 (dskj. 3). Utangarðsmenn létu af störfum sumarið 1981, en höfðu þá tekið upp plötuna *Geislavirkir* sem Steinar hf. gáfu út árið 1980, og tvær smáskífur, annars vegar *Ha ha ha (Rækjureggæ)* sem Steinar hf. gáfu út árið 1980 og hins vegar *45 RPM*, sem Steinar hf. gáfu út árið 1981. Þá gáfu Steinar hf. árið 1981 út safnplötu þar sem einungis var að finna upptökur með tónlist Utangarðsmanna, *Í upphafi skyldi endinn skoða*.

Árið 1981 tók hljómsveitin Egó til starfa. Árið 1982 hóf stefndi neyslu kókaíns, Sjúkdómsástand hans, sem hafði verið óviðráðanlegt frá árinu 1980, stigmagnaðist við það. Þann 15. febrúar 1982 gerði hljómsveitin Egó útgáfusamning við Steina hf. (dskj. 5). Egó hætti störfum árið 1984, en hafði þá tekið upp þó nokkrar plötur sem Steinar hf. gáfu út. Fyrst tók Egó upp plötuna *Breyttir tímar*, sem kom út árið 1982. *Í mynd* kom svo út árið 1982 og *Egó* árið 1984. Þá gáfu Steinar hf. út nokkrar safnplötur á tímabilinu 1982-

1985 þar sem var að finna upptökur með tónlist Egó, nánar tiltekið *Á fullu árið 1982, Á hjólum sama ár, Á 100 árið 1984* og með *Lögum skal land byggja árið 1985*.

Steinar hf. gáfu ennfremur út tónlist stefnda sem sólólistamanns, það er *Pláguna árið 1981, Fingraför sama ár, og Línudans árið 1983*.

Í janúar árið 1985 undirgekkst stefndi áfengis- og vímuefnaeðferð hjá SÁÁ í fyrsta skipti. Eftir endurtekna meðferð tókst honum svo að hætta neyslu áfengis og vímuefna nokkrum árum síðar.

Stefndi hefur aldrei dregið dul á framangreinda vímuefnaneyslu sína, þ.m.t. ekki á meðan hún stóð sem hæst, sem var um og á því tímabili sem stefndi var samningsbundinn Steinum hf. Var hún vafalaust alkunna hér á landi á þeim tíma. Vísbendingu um það er að finna í ummælum stefnda í myndinni Rökk í Reykjavík sem var frumsýnd var árið 1982, en tekin upp veturinn 1981-1982. Þar tjáir stefndi sig um að kannabis („gras“) sé það efni hann noti. Sams konar ummæli höfðu birst áður, í viðtali við Vikuna, 24. september 1981 (dskj. 23), og í viðtali við Dagblaðið & Vísi, 23. janúar 1982 (dskj. 24).

Stefnda rekur ekki minni til þess hvernig það kom til að hann og aðrir liðsmenn í Utangarðsmönnum og síðar Egó gerðu sitt hvorn útgáfusamninginn við Steina hf. Fullyrt er í stefnu að það hafi verið að frumkvæði stefnda, auk þess sem fullyrt er að ýmis ákvæði samninganna hafi komið til að hans beiðni. Eðlilega vildi stefndi þó fá tónlist sína útgefna, og má vera að hann hafi einhverjar kröfur gert, þó hann reki ekki minni til neinna ákveðinna atriða eða neinnar umræðu um samningana yfirleitt. Stefndi telur hins vegar allar líkur á því að stefnanda hafi verið fullkunnugt um stjórnlausa vímuefnaneyslu hans á þessum tíma, bæði vegna þess að það var alkunna eins og að framan segir, en einnig vegna þess að stefndi neytti margoft vímuefna fyrir framan stefnanda í upptökuveri, þar með talið á þeim tíma þegar útgáfusamningarnir tveir voru gerðir. Þá voru samskipti stefnanda og stefnda það mikil á þeim tíma að það hefði verið lítt mögulegt fyrir stefnanda að láta neyslu stefnda fram hjá sér fara. Samskiptin komu þannig ekki eingöngu til vegna útgáfu Steina hf. á tónlist Utangarðsmanna og Egó, heldur einnig vegna útgáfu Steina hf. á fyrrnefndum plötum stefnda sem sólólistamanns, en tvær af þremur þeirra platna komu út áður en útgáfusamningurinn við Egó var gerður. Þá voru önnur samskipti stefnanda og stefnda talsverð. Var stefnandi iðulega gestur í sama gleðskap og stefndi á þessum tíma. Þá neytti stefndi undantekningarlaust vímuefna, fyrir framan stefnanda eins og aðra gesti.

Hvorki stefndi né aðrir liðsmenn í Utangarðsmönnum eða Egó nutu lögmannaðstoðar við gerð fyrrnefndra samninga við Steina hf. Þeir fengu heldur engar ábendingar frá stefnanda eða öðrum starfsmönnum Steina hf. um að það kynni að vera æskilegast. Þá telur stefndi að allar líkur séu á því að samningarnir hafi aftur á móti verið samdir af kunnáttumanni í lögfræði.

Eftir að stefndi hætti neyslu áfengis og vímuefna hafði hann fyrst burði og getu til að kynna sér réttindi sín sem flytjanda tónlistar, og þær viðskiptavenjur sem almennt eru viðurkenndar við gerð samninga um útgáfu tónlistar. Meðal annars gerði hann sér þá fyrst grein fyrir því hvaða verðmæti listamenn væru almennt að láta af hendi með samningum við útgefendur. Og þá einkum að eignarréttur væri látinn af hendi með endanlegum hætti með því að framselja útgáfurétt að upptökum listflutnings. Þá fyrst gerði stefndi sér einnig grein fyrir því að samningskjör þau sem hann og aðrir liðsmenn í Utangarðsmönnum og Egó nutu gagnvart Steinum hf. voru óásættanleg miðað við það sem hann taldi sanngjarnt. Átti það ekki síst við þann hluta þeirra sem sneri að greiðslum til flytjendanna.

Í meginráttum voru þá tvær tegundir útgáfusamninga um tónlist þekktar. Annars vegar svonefndir hagnaðarskiptingarsamningar („net-receipt samningar“), líkt og samningurinn við Utangarðsmenn er. Hins vegar samningar um eintakagreiðslur („royalty-samningar“) líkt og samningurinn við Egó er. Eftir því sem stefndi best veit tíðkaðist í hagnaðarskiptasamningum, í það minnsta erlendis, að nettóhagnaði af útgáfu væri skipt

til helminga. Stefndi og aðrir liðsmenn í Utangarðsmönnum fengu talsvert minna í sinn hlut, eða 35% af nettó heildsöluverði hvernar plötu eftir að útgáfukostnaði var náð með sölu 2.500 platna. Eftir því sem stefndi best veit tíðkaðist, í það minnsta erlendis, í samningum um eintakagreiðslur, við listamenn sem voru ekki óþekktir, að greiða þeim sem samsvaraði 15-20% af hverju seldu eintaki. Hins vegar fengu stefndi og aðrir liðsmenn í Egó minna í sinn hlut, eða sem nam 8%. Þá var sá hlutur reiknaður eftir að sölu 4000 eintaka hafði verið náð af fyrstu plötu, en móti kom greiðsla á kr. 20.000 til flytjenda.

Var það ekki síst þessi síðartilkomna vitneskja sem birtist í ummælum stefnda í 7. þætti þáttaraðarinnar Popp- og rokksaga Íslands, sem sýndur var í sjónvarpi þann 13. mars 2016, sbr. 1. kröfuliður, og í ummælum stefnda næstu tvo daga þar á eftir, í rifrildum við stefnanda á samskiptamiðlinum Facebook, sbr. 2. og 3. kröfuliður. Voru ummælin í Popp- og rokksögu Íslands höfð frammi vegna umfjöllunar í þættinum um Egó. Stefndi tilgreindi hvorki Steina hf. né nafn stefnanda, og vissi það ekki fyrr en við sýningu þáttarins að viðtöl við stefnanda og hann hefðu verið klippt saman þannig að líkur mætti leiða af því að ummælin ættu við um Steina hf. Þá voru ummæli stefnda á samskiptamiðlinum Facebook sett fram sem athugasemdir við stöðuuppfærslur stefnanda á samskiptamiðlinum, sem vörðuðu útgáfu Steina hf. á tónlist Egó.

Stefndi hefur jafnframt, alla tíð upp frá því að hann hætti neyslu áfengis og vímuefna, talið það óásættanlegt að gengið hafi verið frá samningum við hann vegna útgáfu á plötum Utangarðsmanna og Egó í því sjúkdómsástandi sem hann var þá í. Enda mátti vera ljóst að hann væri ekki hæfur til að gæta sjálfur eigin hagsmuna og fyrir lá jafnframt að hagsmuna hans var ekki gætt af lögmanni. Var það þessi reynsla og afstaða sem birtist í ummælum hans þegar fjölmiðlamenn höfðu samband við hann í tilefni af opinberri tilkynningu stefnanda um málshöfðun í ágúst 2016 og þeim fullyrðingum stefnanda sem þar komu fram, sbr. 4. og 5. kröfuliður.

Hvað lýsingu stefnanda á málsatvikum varðar, þá gerir stefnandi athugasemd við þá röngu og ósönnuðu fullyrðingu að Utangarðsmenn hafi fengið sérlega hagstæðan samning, þ.m.t. að það sé hagstætt fyrir listamann að fá til sín 35% ágóðahlut og að það sé óvenjulega hagstætt að dreifingarkostnaður sé reiknaður 10% (stefna, bls. 4, 6. mgr.). Á sama stað í málsatvikalýsingu í stefnu segir ranglega að dreifingarkostnaði sé ætlað að standa undir húsaleigu, starfsmannahaldi o.fl. Dreifingarkostnaði er almennt ætlað að ná utan um kostnað við dreifingu platna, sem hér á landi var og er næsta líttill. Kostnaður við húsaleigu, starfsmannahald og annan rekstur er eigin kostnaður útgefanda og kemur ekki til sem kostnaðarliður í útgáfusamningum við flytjendur. Eru þessar fullyrðingar jafnframt í beinni andstöðu við texta samninganna sjálfra. Að sama skapi er ósönnuð sú fullyrðing að fyrirframgreiðslur hlutdeildar listamanna hafi ekki tíðkast hér á landi (stefna, bls. 4-5, 9. mgr.). Er það rótgróin venja, a.m.k. erlendis, að greiða flytjendum fyrirframgreiðslur. Þá fengu stefndi og aðrir liðsmenn Egó umrædda fyrirframgreiðslu einungis vegna fyrstu plötunnar sem gefin var út með tónlist Egó, svo sem fram kemur í samningnum á dskj. 5.

Ennfremur mótmælir stefndi sem röngum og ósönnuðum fullyrðingum um málsatvik í stefnu sem lúta að því tap hafi orðið á útgáfu platna Utangarðsmanna og Egó (bls. 4, 8. mgr. og bls. 5, 10. og 11. mgr.). Stefnandi lætur þess heldur engu getið til hvaða tímabils er horft, þ.m.t. vegna ósannaðra fullyrðinga um seld eintök af plötu Utangarðsmanna *Geislavirkir*. Ekkert er heldur getið um ágóða af safnplötum, en slíkar plötur er jafnan auðseljanlegar. Og í engu er heldur getið hvers virði útgáfurétturinn var sem Steinar hf. fengu með samningunum tveimur, þ.m.t. ekki hvert söluverð hans var, eða hvers virði útgáfurétturinn væri í dag.

Í málsatvikakafli í stefnu (bls. 5, 11. mgr.) er ennfremur vísað til þess að Steinar hf. hafi greitt höfundagreiðslur vegna útgáfu á plötum Utangarðsmanna og Egó, og er sú framsetning málsatvika röng og villandi. Höfundagreiðslur eru útgáfusamningum óviðkomandi enda ekki fengist um sömu réttindi. Þannig er ekki fengist um

höfundarréttindi í útgáfusamningum, heldur réttindi flytjenda. Sú skylda sem hvílir á útgefendum tónlistar samkvæmt höfundalögum nr. 73/1972 að greiða höfundagjöld til innheimtusamtaka varðar því í engu hvort útgáfusamningur sé hagstæður eða óhagstæður fyrir flytjanda.

Málsástæður og lagarök: Af hálfu stefnda er öllum kröfum og málsástæðum stefnanda andmælt. Stefndi byggir kröfur sínar á eftirfarandi málsástæðum og lagarökum:

1. Sýkna ber að kröfum sem lúta að ummælum í 1. kröfulið vegna aðildarskorts

Í þeim ummælum sem koma fyrir í 1. kröfulið í stefnu er ekki vísað til stefnanda, heldur einungis „útgefandans.“ Stefnandi var ekki útgefandi Egó, og reyndar ekki heldur Utangarðsmanna, heldur Steinar hf. Stefndi var ekki að vísa til stefnanda. Því ber að sýkna af 1. kröfulið vegna aðildarskorts stefnanda, og að kröfu í 6. lið að því marki sem hún vísar í 1. kröfulið, og þá ber að sýkna af kröfu í 7. lið þar sem sú krafa er ekki sundurgreind eftir því hver ummælin eru, og hið sama á við um kröfu í 11. lið.

2. Stefndi fór ekki út fyrir mörk tjáningarfrelsis síns

Sýknukrafa stefnda er að öðru leyti fyrst og fremst byggð á því að með ummælum sínum hafi stefndi ekki farið út yfir mörk tjáningarfrelsis síns, en allar takmarkanir á því beri að skýra þröngt. Í ummælum stefnda fólst hvorki refsiverð aðdróttun, né aðdróttun gegn betri vitund, sbr. 235. gr. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, heldur gildisdómar þar sem stefndi lagði mat sitt á staðreyndir sem hann taldi vera fyrir hendi. Má það augljóst vera af allri orðnotkun í þeim ummælum sem stefnt er vegna, þ.m.t. hvað ummælin í 1. kröfulið varðar. Enda koma þar fyrir orðin „mokgræða“, „tícall“ og „skítapeningur.“

Stefndi mótmælir því sem segir í stefnu (bls. 3, 3. mgr.) að í ummælum á samskiptamiðlinum Facebook, sbr. 2. og 3. kröfuliður, hafi hann m.a. dróttað að því að stefnandi hefði gerst sekur um misneytingu og svíksamlega háttsemi. Staðreyndin er sú að fyrirtækið Steinar hf. var í yfirburðastöðu gagnvart stefnda, enda annars vegar um að ræða sérhæft fyrirtæki og hins vegar reynslulitla og fremur unga einstaklinga. Þá voru samningar sannarlega gerðir milli Steina hf. annars vegar og svo stefnda og félaga hans í fyrrnefndum hljómsveitum hins vegar. Að lokum er það staðreynd að stefndi og félagar hans höfðu ekki þekkingu á samningsgerð á þessu sviði, enda er um að ræða sérhæft svið lögmannna. Að öðru leyti kemur ekkert fram í ummælum stefnda annað en það sem eru augljósir gildisdómar um framangreindar staðreyndir, sem stefndi taldi vera fyrir hendi.

Stefndi mótmælir þeim fullyrðingum í stefnu (bls. 7, 19. mgr.) að með ummælum sínum við fjölmiðlamenn í ágúst 2016, sbr. 4. og 5. kröfuliður, hafi stefndi dróttað að því að stefnandi hafi nýtt sér fíkniefnaneyslu hans í auðgunarskyni, þ.e.a.s. þannig að refsivert geti talist. Það er staðreynd að stefndi var á þeim tíma sem hann samdi við Steina hf. illa haldinn fíknisjúklingur. Telur stefndi annað útilokað en að stefnanda hafi verið fullkunnugt um stjórnlausu vímuefnaneyslu hans og að fullyrðingar um annað sem fram koma í stefnu (bls. 9, mgr. 28) séu settar fram gegn betri vitund. Það er svo önnur staðreynd að gerðir voru samningar við hann í þessu ástandi, enda var hann aldrei allsgáður á þessum tíma. Og varla voru samningarnir gerðir í öðru skyni en að hafa af samningunum hagnað. Eru samningar um útgáfu tónlistar almennt gerðir í hagnaðarskyni svo sem ljóst má vera. Að öðru leyti kemur ekkert fram í ummælum stefnda en það sem telja má augljósan gildisdóm hans um þessar staðreyndir.

Stefndi mótmælir þeim fullyrðingum stefnanda að Steinar hf. hafi greitt stefnda og öðrum liðsmönnum Egó fyrirfram og með óafturkræfum hætti ágóðahlut sem sé um það bil kr. 2.200.000 að núvirði (stefna, bls. 8, mgr. 24). Svo sem fram kemur í dskj. 5 var þessi fjárhæð kr. 20.000 og einungis greidd vegna fyrstu plötu. Auðvelt er að núvirða fjárhæðir í íslenskum krónum með nákvæmum hætti, enda aðgangur að verðlagsreiknivél á

heimasíðu Hagstofunnar. Ef miðað er við breytingar á vísitölu neysluverðs á tímabilinu fram að stefnu fæst núvirt fjárhæð að upphæð kr. 605.103.

Aðrar fjárhæðir í stefnu eiga sér heldur enga stoð og er mótmælt. Stefndi mótmælir ennfremur sönnunargildi dómskjala sem eiga að sýna tap af útgáfum og/eða útreikninga. Dskj. 6 og 7 sýna þannig ekki hagnað eða tap af einstökum útgáfum, en sýna aftur móti tiltekin umsvif sem gera það í það minnsta skiljanlegt hvaða staðreyndir stefndi taldi vera fyrir hendi. Dskj. 21, sem á að sýna útreikning á hagnaði/tapi Egó platna, sýnir einungis einhliða útreikninga sem hafa ekkert sönnunargildi. Þeir eru að auki á skjön við önnur gögn málsins. Þannig gerir samningurinn við Egó ekki ráð fyrir fyrirframgreiðslu, sem í skjalinu er nefndur ágóðahlutur Egó, nema fyrir fyrstu plötuna, svo sem áður segir. Höfundagjöld eða -laun eru tvítekin, og ekkert styður aðrar tölur í skjalinu. Er þannig engin stoð fyrir því að þau ummæli stefnda sem lutu að fjárhagslegum atriðum hafi verið sett fram gegn betri vitund, svo sem haldið er fram í stefnu (bls. 8, 25. mgr.).

Stefndi mótmælir því að hafa dróttað að broti gegn 235. gr. almennra hegningarlaga og að samningarnir tveir við Steina hf. hafi verið ógildanlegir í skilningi laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, svo sem haldið er fram í stefnu (bls. 9, mgr. 29-30). Jafnvel þó svo væri þá félli það í það minnsta innan marka tjáningarfrelsis stefnda að lýsa þeirri skoðun sinni að samningar ættu með réttu að vera ógildanlegir. Stefndi hins vegar hvorki tæpti á refsiverðri háttsemi með ummælum sínum né því að samningarnir hefðu verið ógildanlegir, heldur tjáði hann sig einungis um mat sig á samningskjörum, hagnaði og tapi, og hvernig líta mætti á þá staðreynd að við hann var samið þegar hann var í daglegri neyslu vímuefna, án þess að séð væri til þess að annar gætti hagsmuna hans. Stefndi er frjáls þeirra skoðana sinna.

Þá eru fullyrðingar stefnanda um aðdróttanir um brot gegn 235. gr. almennra hegningarlaga og að samningarnir hafi verið ógildanlegir í skilningi laga nr. 7/1936 í beinni andstöðu við það sem stefndi sagði í raun og veru. Verður í þeim efnum, og almennt í málinu, bæði að horfa á hvað stefndi sagði orðrétt í hverju tilviki fyrir sig, en ekki samkvæmt túlkun og endursögn stefnanda. Þá verður einnig að horfa til þess í hvaða samhengi ummælin koma fram. Meðal annars vísar stefndi til þess að hann og aðrir liðsmenn hljómsveitanna tveggja hafi skrifað undir, í þeim skilningi að þeir hafi skrifað undir vegna þess að þá langaði að gera plötur og að þeir beri sjálfir ábyrgðina á því að hafa gert það (stefna, bls. 2, 3. mgr., bls. 6, 13. mgr.). Þannig er ljóst að stefndi hvorki ýjaði að né fullyrti neitt um brot gegn lögum eða ógildanleika samninganna. Enda kemur það ekki heim og saman við að stefndi og aðrir liðsmenn hljómsveitanna verði sjálfir að bera ábyrgðina á undirskriftum sínum á samningunum.

Hið rétta er þannig að stefndi hefur aldrei dróttað að broti gegn lögum eða ógildanleika, heldur hefur hann gagnrýnt harkalega þau samningskjör sem hann naut gagnvart Steinum hf., að flytjendur hafi ekki borið meira úr býtum, og þau vinnubrögð sem viðhöfð voru þegar samningarnir voru gerðir. Efnislega eiga slík ummæli einnig mikið erindi í samfélagsumræðuna, enda eru tónlistarmenn alla jafna ungir að árum þegar þeir ganga fyrst til samninga við útgefendur og með litla sem enga þekkingu á sínum réttindum. Er vandséð hvernig umræða um tónlistarsögu Íslands og gagnrýni á kjör listamanna í samningum við útgefanda á tilteknu tímabili í þeirri sögu geti ekki talist innlegg í opinberri samfélagsumræðu og er fullyrðingum í stefnu um annað mótmælt (bls. 9. mgr. 31).

Stefndi mótmælir einnig að ummæli stefnda hafi ekki verið sett fram að gefnu tilefni af hálfu stefnanda, eins og fullyrt er í stefnu (bls. 9, mgr. 31). Þvert á móti verður að skoða ummælin í því ljósi að þau voru einmitt sett fram að gefnu tilefni af hálfu stefnanda. Augljóst er að öll ummælin í kröfuliðum tvö til fimm voru beinlínis að gefnu tilefni af hálfu stefnanda, enda voru þau öll viðbrögð við harkalegum ummælum stefnda annað hvort á samskiptamiðlinum Facebook eða í fréttatilkynningu um málshöfðun. Mátti stefnanda vera það ljóst að með ummælum sínum kallaði hann á hörð viðbrögð stefnda. Sama má segja um fyrstu ummælin enda ljóst að um var að ræða viðskipti og samskipti beint á milli Steina

hf. og stefnda þó langt væri um liðið. Auk þess voru þau ummæli ekki að frumkvæði stefnda, heldur var hann sérstaklega spurður út í þessi viðskipti í viðtali. Skoða verður ummælin öll í því ljósi að augljóst má vera að það er einungis vegna þess hvernig viðtal við stefnanda og stefnda voru klippt saman í 7. þætti Popp- og rokksögu Íslands sem ljóst má vera að annars nafnlaus ummæli stefnda vísuðu til Steina hf. Þá stafaði eftirleikurinn af athöfnum stefnanda sjálfs, þar sem hann espaði til illinda með harðskeyttum og meiðandi ummælum um stefnda, án þess að gæta að því að stefndi hafði enga stjórn á klippingu þáttarins.

Stefndi mótmælir því að jákvæð samtímalýsing á samskiptum Utangarðsmanna við stefnanda skipti máli fyrir niðurstöðu þessa máls, eins og látið er liggja að í stefnu (bls. 9-10, mgr. 32 og 34). Enda vissi stefndi ekki betur á þessum tíma og áttaði sig ekki fyrr en síðar á þeim atriðum sem hann telur að hafi verið óásættanleg í viðskiptunum við Steina hf.

Að sama skapi mótmælir stefndi því að afstaða eins meðlims Utangarðsmanna, Danny Pollock, sem fram kemur í fjölmiðlaviðtali á dskj. 19, skipti máli fyrir niðurstöðu þessa máls, eins og látið er liggja að í stefnu (bls. 9-10, mgr. 33-34). Enda einungis um gildisdóm þess manns að ræða, sem eðli málsins samkvæmt getur verið allt annar en gildisdómur stefnanda.

Hins vegar bendir stefndi á að í dskj. 19 koma jafnframt fram þau ummæli Danny Pollock að aðrir liðsmenn Utangarðsmanna, sem ekki voru með sólóverkefni hjá Steinum hf., hafi allir verið „alveg á kúpunni.“ Það styður að liðsmenn Utangarðsmanna hafi lítið fengið í sinn hlut. Ummælin gera það í það minnsta skiljanlegt hvers vegna stefndi hafi talið tiltekna staðreyndir vera fyrir hendi. Gagnstætt þessari upplifun Danny Pollock, að Utangarðsmenn hafa verið „alveg á kúpunni“ og því sem stefndi sagði um fjárhagslegt hlutskipti liðsmanna Egó, verður svo að hafa í huga að Utangarðsmenn, og sérstaklega Egó, voru meðal allra vinsælustu hljómsveita landsins á þessum tíma, eins og fram kemur í þeim sama sjónvarpsþætti og ummælin í 1. kröfulið koma fyrir í. Sem dæmi má nefna að eitt af lögnum á plötunni *Geislavirkir* með Utangarðsmönnum var í 10 vikur á topp 10 lista dagblaðsins Vísis yfir vinsælustu lögin. Þá má nefna að *Breyttir tímar* með Egó varð þegar í kjölfar útgáfunnar ein mest selda plata íslenskrar tónlistarsögu. Var hún til að mynda 19 vikur á lista yfir tíu mest seldu íslensku plötturnar (dskj. 25).

Stefndi mótmælir því að tilgangur hans með ummælunum hafi verið að sverta mannorð stefnanda og bera vísitandi út rangar staðhæfingar um viðskipti hans við stefnanda f.h. útgáfufyrirtækis hans eins og fullyrt er í stefnu (bls. 10, mgr. 35). Enginn slíkur tilgangur var að baki ummælum stefnda, heldur tjáði hann einungis neikvæðar skoðanir sínar á staðreyndum sem hann taldi vera fyrir hendi.

Stefndi mótmælir því að stefnandi sé ekki opinber persóna en það sé stefndi hins vegar, eins og fullyrt er í stefnu (bls. 10, mgr. 36). Stefnandi er opinber persóna með sama hætti og stefndi, og er fullyrðingin í beinni andstöðu við annað sem fullyrt er um stefnanda í stefnunni. Verður einmitt að skoða ummælin í því ljósi að stefnandi er opinber persóna, og sem slík höfðu harkaleg viðbrögð hans við ummælunum í 1. kröfulið mikið að segja um það að eftir þeim var tekið. Vöktu ummæli stefnda enga sjálfstæða athygli. Má telja víst að engin frekari umræða hefði orðið nema vegna harkalegra viðbragða stefnanda, sem opinberrar persónu. Má til sanns um það nefna ummæli söngkonunnar Arnbjargar Auðar Örnólfsdóttur (Öddu Örnólfs) sem byrja á mínútu 40:29 í 1. þætti Popp- og rokksögu Íslands (dskj. 26). Eru vel þekktar tvær plötur með upptökum á flutningi Öddu og Ólafs Briem á lögnum *Nótt í Atlavík*, *Togarar talast við*, *Bella símamær* og *Kom þú til mín* sem Hljóðfærahús Sigríðar Helgadóttur (HSH) gaf út veturinn 1953-1954. Voru ummæli Öddu efnislega sambærileg þeim ummælum stefnda í 7. þætti Popp- og rokksögu Íslands sem mál þetta varðar. Er þannig ljóst að í þeim felst gagnrýni á þau kjör sem hún naut, m.a. í ljósi þess að plötur sem hún söng inn á seldust, í þeim skilningi að sala þeirra hafi verið góð. Engin umræða varð hins vegar um ummæli Öddu.

Af ofangreindu leiðir að ekki ber að ómerkja nein af ummælunum. Að sama skapi hefur stefndi ekki unnið stefnanda neinn miska í skilningi 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þá er ekki heldur tilefni til að dæma stefnda til refsingar, eða til að dæma hann til greiðslu vegna kostnaðar við birtingu dóms.

Verði ekki fallist á að ummælin sem slík séu gildisdómar byggir stefndi á því að um sé að ræða staðhæfingar sem nægileg stoð sé fyrir. Einnig að stefndi hafi verið í góðri trú um sannleiksgildi þeirra, meðal annars með vísun til þess sem þegar hefur komið fram, með sömu afleiðingum. Þá eigi í slíku tilviki að horfa til þess að ummælin eru flest látin falla í harkalegum, persónulegum orðhneppingum og því verði að líta á ummælin öll í heild sinni sem gildisdóm, og það jafnvel þótt dómurinn líti svo á að inn á milli séu staðhæfingar sem út af fyrir sig mætti krefjast sönnunar fyrir. Allt að einu eigi að nýta heimild í 239. gr. almennra hegningarlaga til að láta refsingu falla niður.

3. Miskabótakrafa á sér enga stoð og er allt að einu um of háa fjárhæð að ræða

Jafnvel þó litið yrði svo á að um ærumeiðandi ummæli hafi verið að ræða telur stefndi að miskabótakrafa í 7. kröfulið stefnu eigi sér ekki stoð.

Þannig verða miskabætur ekki dæmdar nema um verulegt gáleysi sé að ræða. Telur stefndi einsýnt, með hliðsjón af ofangreindri málsatvikalýsingu og öðrum rökstuðningi, að háttsemi hans nái ekki því stigi saknæmis. Hvernig honum virtust staðreyndir málsins vera verður þannig ekki metið honum til sakar, hvað þá til verulegs gáleysis. Allt að einu ber að sýkna stefnda af miskabótakröfu á grundvelli leyfilegrar orðhefndar.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda gerir stefndi þá kröfu til vara að dómkrafa stefnanda í 7. kröfulið verði stórlega lækkuð. Umkrafin fjárhæð er úr hófi fram, og í raun er enginn rökstuðningur að baki fjárhæðinni.

Allt að einu byggir stefnandi á að beita eigi ákvæði 24. gr. skaðabótalaga til niðurfellingar eða lækkunar, í ljósi atvika máls og eðlis bótaábyrgðar. Þá virðist stefnandi standa í nokkuð umfangsmiklum ferðabjónusturekstri. Stefndi hefur hins vegar einungis framfæri af list sinni, er ekki fjáður maður, og nýtur engra trygginga vegna þessa.

Stefndi mótmælir einnig sérstaklega upphafstíma dráttarvaxta í 7. kröfulið. Engin efni eru til að reikna dráttarvexti frá fyrri tíma en dómsuppsögu þar sem ekki verður ljóst fyrr en þá hvort stefnandi eigi einhverja kröfu á hendur stefnda. Fyrr en það liggur fyrir getur ekki verið um að ræða vanefndir á greiðslu sem réttlæta dráttarvexti, og annað er í andstöðu við tilgang heimildar til að reikna dráttarvexti.

Í öllu falli er ekki tilefni til að reikna dráttarvexti fyrr en mánuði eftir birtingu stefnu sem átti sér stað 23. september 2016, sbr. dskj. 1, en þá fyrst bar stefnandi fram kröfur sínar á hendur stefnda.

4. Ekki er tilefni til að verða við kröfu um kostnað við birtingu dóms og allt að einu er krafan úr hófi fram

Miðað við umfangllun fjölmiðla um þetta mál, og í ljósi aðildar meðstefnda Ríkisútvarpsins ohf., verður ekki séð að nein þörf verði á því reiða af hendi fjármuni til þess að birta dóm í máli þessu.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda gerir stefndi þá kröfu til vara að dómkrafa stefnanda í 11. kröfulið verði stórlega lækkuð. Er umkrafin fjárhæð úr hófi og engin þörf á birta dóminn í heild sinni í víðlesnu dagblaði. Þá er ósannað að fjárhæðin sé í samræmi við væntan kostnað. Er því allt að einu ekki tilefni til að dæma svo háa fjárhæð sem stefnandi gerir kröfu um.

5. Tilvísun til málatilbúnaðar meðstefnda

Stefndi gerir að lokum málatilbúnað meðstefnda Ríkisútvarpsins ohf. að sínum eftir því sem við getur átt og eftir því sem samrýmist málatilbúnaði stefnda.

Málskostnaður: Stefndi gerir í öllum tilvikum kröfu um málskostnað úr hendi stefnanda skv. 129.-130. gr. laga um meðferð einkamála.

Tilvísun til helstu lagaákvæða og réttarreglna: Stefndi vísar einkum til 73. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Þá vísar stefndi til 235. og 236. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem og 24. og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, eins og skýra skal þau ákvæði í ljósi framangreindra ákvæða stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu. Einnig vísar stefndi til laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum 16. gr. og 129.-130. gr.

Áskilnaður: Áskilinn er réttur til þess að leggja fram frekari gögn og kalla til aðila eða vitni í málinu á síðari stigum. Meðal þeirra vitna sem stefndi hyggst leiða fyrir er Þorleifur Guðjónsson, liðsmaður Egó.

Áskilinn er réttur til frekari andmæla, rökstuðnings og öflunar sönnunargagna en þegar eru fram komin og til þess að koma að frekari málsástæðum.

Málið verður nánar reifað og rökstutt við aðalmeðferð.

Reykjavík, 24. nóvember 2016


Hjördís Halldórsdóttir hrl.

Til Héraðsdóms Reykjavíkur